

henni finnist ekki nauðsyn á, að láta ganga út sérstaka auglýsingun handa Íslandi, bæði á dönsku og íslenzku, með þeim breytingum, sem leiðir af því, sem nú var talið, og er dómsmálastjórnin fús til, ef þörf er á, að láta í tæ aðstoð sína, þegar til kemur að snúa auglýsingunni á íslenzku.

1870.  
5. ágúst.

### 77. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bænda eign.

8. ágúst.

Eftir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í bréfi yðar, herra stiptamtáður og háeruverdugi herra, dagsettu 8. janúarm. þ. á., hefir hans hátign þóknast 27. f. m. allramildilegast að fallast á, að jörðin Ásgautstaðir, með þrem kúgildum og hjáleigu, verði keypt til að vera prestssetur í Stokkseyrar sóknum, en látið í staðinn Villingaholt, ásamt með kirkjunni þar og sjóði (*portio*) hennar í því ástandi, sem nú er, og með þeim skilmála, að eigandi að Villingaholti eptirleidis gjaldi prestinum í Gaulverjabæ fjóra fjórðunga smjör á ári, en hann fái aptur ámóti, sem ábæti, ríkisskuldabréf uppá 136 rd. 85 sk., sem Stokkseyrar prestakall á.

Þetta gefst yður hërmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, og eruð þér jafnframt beðnir að sjá um, að skoðunargjörð verði haldin yfir Ásgautstaði með byggingum og öllum hlunnindum, þegar jarðaskiptin fara fram, svo jörðunni verði skilað þeim prest, sem á síðan kemur á brauðið, í góðu standi, eða þá með fullu ófanálagi.

1) Samkvæmt þessu kom út auglýsing frá utanríkisstjórninni 19. ágústm. 1870, sjá hér á eptir bls. 95.